


Hafnarfjarðarbær/Bæjarstjóri Hafnarfjarðar 28.jan 2015

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	29/1 2015
Málsnr:	1405454
Bréfal:	521.1

Með bréfi dags. 3.júlí 2014 hefur skipulags-og byggingaráð lagst gegn erindi okkar um breytingu á notkunar iðnaðarhúsum okkar að Steinhellu 17, úr iðnaði í fiskverkun eða matvælavinslu, :og synjar erindinu eins og það liggur fyrir þar sem engin gögn styðja málið: Það lyggja engin gögn fyrir sem banna matvælavinslu á svæðinu nema 50 ára gamalt samkomulag um þynningarsvæði og má áætla að sú lína sem dregin var upp fyrir 50 árum þurfi að enduskoða þar sem hreinsun á útblæsti verksmiðjunnar hefur verið margbættur með tilkomu lokunar á kerjum og þurhreinistöðva. Bent skal á að Norðurál á Grundartanga hreinsar meira en 99,7% af öllu vetnisflúoríði úr afgasinu. Og þar við hliðina starfar Lífland ehf og framleiðir pakkar korni og hveiti fyrir matvælaíðnaðinn.


Rétt er að vekja athygli á því að margvísleg starfsemi á Hellnahrauni er tengt matvælaíðnaði með einum eða öðrum hætti er til staðar og starfar óhindruð á svæðinu. Er þar m.a. um að ræða umbúðavinnslu fyrir matvæli af ýmsum toga og kælivörur fyrir matvælaíðnað svo eitthvað sé nefnt, auk þess sem fjöldi mótuneyta á stærri vinnslustöðum er til staðar á svæðinu, að ekki sé minnst á í álverinu sjálfu.

Það er illskiljanlegt að árið 2015 sé enn verið að vísa til margra áratuga gamalla viðmiðunarlína á skipulagsuppráttum þegar teknar eru ákvarðanir um hvaða starfsemi sé heimiluð á atvinnusvæðinu í Hellnahrauni. Viðmið vegna svonefnds þynningarsvæðis sem voru sett við upphaf rekstrar álversins í Straumsvík á engan veginn við í dag, enda liggur fyrir að í samkomulagi sem Hafnarfjarðarbær og eigendur álversins gerðu með sér við skipulagsvinnu um mögulega stækkun á starfsemi álversins í árslok 2006 og kynnt var í aðdraganda íbúakosningar á vordögum 2007, var sérstaklega tekið fram að allar forsendur væru til þess að minnka áðurnefnt þynningarsvæði umtalsvert 70% og koma útlínum þess að mestu útfyrir iðnaðarsvæðið í Hellnahrauni.


Nú er nær áratugur liðinn frá því að þessi væntalega breyting var kynnt bæjarbúum og rekstraraðilum á iðnaðarsvæðinu og skýtur því nokkuð skökku við að enn sé verið að vísa til úreldra viðmiða varðandi umrætt þynningarsvæði og viðhalda því í aðalskipulagi bæjarins. Með því móti er komið í veg fyrir margvíslega uppbyggingu og starfsemi á atvinnu- og iðnaðarsvæðinu í Hellnahrauni eins og við höfum fundið illilega fyrir varðandi viðbrögð skipulagsyfirvalda bæjarsins. Það getur varla verið afstaða og sjónarmið bæjaryfirvalda að ætla að standa í vegi fyrir fjölbreytilegri starfsemi á þessu atvinnusvæði.

Með erindi þessu förum við þess á leit við bæjaryfirvöld að nú þegar verði gripið til þeirra aðgerða sem þörf er á til að koma þessum málum í það horf sem vísað var til í skipulagstillögum frá því í desember 2006 um endurskoðun og stórfellda minnkun á svonefndu þynningarsvæði. Jafnframt förum við þess á leit við bæjaryfirvöld að sú starfsemi sem við höfum óskað eftir að koma upp í okkar húsnæði verði heimiluð, enda engar aðrar athugasemdir við þá starfsemi af hálfu heilbrigðis, eftirlits- og umsagnaraðila en þær sem komið hafa frá skipulagsyfirvöldum í Hafnarfirði og byggja á gömlum og úreltum viðmiðunum, eins og bæjaryfirvöld og ráðamenn álversins hafa sjálfir upplýst um fyrir langtum löngu.

Virðingarfyllst fyrir hönd Steinhellu 17 ehf



Guðmundur Adolffson



Jónas Stefánsson